

## Félag um menntarannsóknir Ársskýrsla 2009 – 2010

### **Í stjórn Félags um menntarannsóknir eru:**

Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ, formaður  
Gerður G. Óskarsdóttir, fræðimaður, ritari  
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskólann á Akureyri, meðstjórnandi  
Meyvant Þórólfsson, lektor við Menntavísindasvið HÍ, meðstjórnandi  
Sigurlína Davíðsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ, meðstjórnandi  
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, doktorsnemi á Menntavísindasviði HÍ, gjaldkeri

### **Varamenn**

Almar Halldórsson, Námsmatsstofnun  
Gretar Marinósson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ

### **Markmið félagsins samkvæmt lögum eru þessi:**

- Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:
  - skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
  - stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
  - efla tengsl og samstarf félaganna
  - stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum hér á landi og erlendis
  - efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum
  - skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir

Félagsmenn eru í mars 2010 eru 349.

Hér verður gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum stjórnar félagsins á síðasta starfsári.

### **Stjórnarfundir**

Stjórn FUM hélt níu fundi á tímabilinu 31. mars 2009 til 8. mars 2010. Tveir fulltrúar stjórnar sátu einnig nokkra fundi með ritstjóra TUM, Tímarits um menntarannsóknir. Á þessum fundum var rætt um tímaritið og um vef félagsins.

### **Vefur félagsins**

Vefur félagsins hefur verið uppfærður reglulega og settar inn fréttir og upplýsingar. Meyvant Þórólfsson hefur haft umsjón með vefnum. Stjórn FUM ákvað á síðasta ári að stefna að því að uppfæra vef félagsins með það að markmiði að gera hann að meiri upplýsingaveitu um hvaðeina sem tengist rannsóknum. Ætlunin er að á vefnum megi í framtíðinni m.a. finna upplýsingar um rannsóknarstyrki, ráðstefnur, rannsóknarstofur og rannsóknarstofnanir, félög um

menntarannsóknir og námskeið. Auglýst var eftir sérfræðingi í þetta verk á póstlistum Menntavísindasviðs og doktors- og meistaranema. Tekin voru viðtöl við tvo af þeim fjórum einstaklingum sem sýndu verkinu áhuga. Var Edda Kjartansdóttir, starfsmaður SRR, ráðin til að taka að sér verkið. Jafnframt var ákveðið að Brynja Dís Björnsdóttir tæki við vefnum eftir uppfærslu hans og sæi um að halda honum við að höfðu samráði við Meyvant Þórólfsson sem mun áfram hafa yfirumsjón með vefnum.

### **Ráðstefna FUM 27. febrúar 2010**

Laugardaginn 27. febrúar stóð FUM fyrir ráðstefnu undir heitinu *Menntarannsóknir og þróunarstarf í skólum*. Aðalfyrirlesari á ráðstefnunni var dr. Megan Crawford, kennari við Institute of Education, University of London. Heiti erindis hennar var *Crossing the divide- understanding where research and practice meet*. Ráðstefnan var haldin í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð og stóð yfir frá kl. 8.30 til 14.30. Flutt voru um 55 erindi í samhlíða og heildstæðum málstofum fyrir og eftir hádegi. Áætlað er að um 100 manns hafi sótt ráðstefnuna en tæplega 130 manns höfðu skráð sig. Hugsanlegt er að veður og færð hafi haft áhrif á þátttökuna.

### **Tímarit um menntarannsóknir, TUM**

Sjötta tölublað tímarits FUM, „Tímarit um menntarannsóknir“ kom út í nóvember 2009. Ritstjóri þess var Gretar L. Marinósson, (ritstjóri 2008-2010). Í ritstjórn sátu auk hans þau Kristín Aðalsteinsdóttir, Háskólanum á Akureyri, Kristján Kristjánsson, Háskóla Íslands, Sif Einarsdóttir, Háskóla Íslands og Þórdís Þórðardóttir, Háskóla Íslands

Á árinu náðist sá mikilvægi áfangi að birta allt efni ritsins á vefsíðu FUM að síðasta tölublaði undanskildu þannig að hægt er að nálgast efnið beint eða í gegnum Gegni. Jafnframt er efnið birt í alþjóðlega gagnagrunninum Academic Research Complete hjá gagnaveitunni EBSCO Host, níu mánuðum eftir birtingu hér á landi. Framvegis verður allt efni birt með þeim hætti, það er níu mánuðum eftir birtingu tímaritsins á prenti.

Í byrjun árs 2010 var undirritaður samningur við Háskólaútgáfuna um að hún tæki að sér umbrot, prentun, fjölföldun og dreifingu tímaritsins. Stjórnir FUM bindur vonir við að þetta fyrirkomulag muni bæta þjónustu við lesendur tímaritins.

### **Póstlistinn**

Póstlisti félagsmanna hefur verið notaður til að senda tilkynningar um námskeið og ráðstefnur en fyrirspurnum er svarað í hefðbundnum tölvupósti. Nokkrum erfiðleikum er bundið að uppfæra netfangaskrána enda lítið um að félagsmenn tilkynni um breytt netföng. Af þessum sökum er ævinlega nokkur hluti útsendra bréfa frá FUM endursendur. Þótt reynt sé að grafast fyrir um ný og/eða breytt netföng er afar mikilvægt að félagsmenn tilkynni vefstjóra ([meyvant@hi.is](mailto:meyvant@hi.is)) um breytingar til að koma í veg fyrir að upplýsingar misfarist.

### **Námskeið**

Haustið 2009 voru haldin eftirfarandi þrjú námskeið.

- Föstudaginn 23. október, kl. 13.00 – 16.00, var haldið námskeið í notkun Power Point. Kennari var Hafþór Guðjónsson.
- Laugardaginn 31. október, kl. 9.00 – 12.00, var haldið námskeið í textagreiningu með NVivo. Kennari var Kristján Ketill Stefánsson.
- Laugardaginn 21. nóvember, kl. 9.00 – 12.00 var námskeið í EndNote. Kennari var Berglind Rós Magnúsdóttir.

## **Íðorðasafn**

Á vegum Félags um menntarannsóknir og Menntavísindasviðs starfar íðorðanefnd í menntunarfræðum. Nefndin hefur það markmið að gefa út íðorðasafn í bókarformi eða á Netinu og byggja þar á þeim grunni sem þegar liggur fyrir. Nefndina skipa eftirfarandi aðilar.

Gerður Óskarsdóttir, formaður, fulltrúi FUM  
 Guðrún Geirsdóttir, fulltrúi FUM  
 Jón I. Hannesson, fulltrúi KÍ  
 Baldur Sigurðsson, fulltrúi Menntavísindasviðs  
 Þuríður Jóhannsdóttir, fulltrúi Menntavísindasviðs

Á ráðstefnu FUM þann 27. febrúar sl. dreifði nefndin eyðublaði þar sem þátttakendur voru m.a. beðnir að senda nefndinni hugtök/orð sem þeir væru að glíma við á sínu fræðasviði.

## **Stefna og framkvæmdaáætlun fyrir næsta ár.**

Stjórn Félags um menntarannsóknir leggur til að einkum verði lögð áhersla á eftirfarandi þætti.

- Útgáfu *Tímarits um menntarannsóknir* en það kemur út árlega. Næsti frestur til að skila inn greinum er 1. maí 2010.
- Ráðstefnu sem haldin verði a.m.k. annað hvert ár. Næsta ráðstefna er fyrirhuguð 2012.
- Samstarf við innlenda aðila sem sinna menntarannsóknnum
- Samstarf við erlenda aðila um ráðstefnuhald
- Vef félagsins og uppfærslu hans
- Námskeið um efni tengt rannsóknum og rannsóknaraðferðum
- Aukna þátttöku nema í rannsóknartengdu námi í starfi FUM
- Fjölgun félagsmanna og virkjun þeirra til þátttöku í umræðum og skoðanaskiptum um menntamál og menntarannsóknir.

Reykjavík 26. mars 2010

Steinunn Helga Lárusdóttir, formaður